

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um krabbamein hjá slökkviliðsmönnum.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

1. Hversu margir slökkviliðsmenn hafa á árunum 1980–2022 annars vegar greinst með krabbamein og hins vegar látist úr krabbameini, sundurliðað eftir árum?
2. Hvert er hlutfall slökkviliðsmanna sem á sama árabili hafa annars vegar greinst með krabbamein og hins vegar látist úr krabbameini, samanborið við aðrar opinberar starfsstéttir á Íslandi, sundurliðað eftir árum?
3. Hvert er hlutfall slökkviliðsmanna sem á sama árabili hafa annars vegar greinst með krabbamein og hins vegar látist úr krabbameini, samanborið við slökkviliðsmenn í öðrum EES-löndum, sundurliðað eftir árum?
4. Hvert er hlutfallið á milli tegunda krabbameins sem slökkviliðsmenn hafa greinst með á árunum 1980–2022?

Skriflegt svar óskast.